



Starfsáætlun 2017

Janúar 2017

AkureyrarAkademían

ISSN: 2298-8831

## Formáli

AkureyrarAkademían (AkAk) er sjálfseignarstofnun sem stofnuð er á grunni Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi. Í maímánuði 2015 undirrituðu AkAk og Mennta- og menningarmálaráðuneytið samstarfssamning, með hliðsjón af staðfestri skipulagsskrá stofnunarinnar, fyrir árin 2015-2017.

Samningurinn við ráðuneytið er gríðarlega mikilvægur fyrir starfsemi AkAk. Hann leggur grunn að fjárhagslegum rekstri og gerir stofnuninni kleyft að virkja hugmyndir sem skapast innan samfélagsins í AkAk, og hrinda þeim í framkvæmd.

Árið 2017 mun AkAk standa fyrir ýmsum viðburðum svo sem fyrirlestrarröð á Öldrunarheimilum Akureyrarbæjar, örnámskeiðum, bókakynningu, viðburði á Akureyrarvöku, gerð hlaðvarpsþátta (e. podcast) og vinnu við stefnumótun fyrir stofnunina.

Á starfsárinu mun AkAk kappkosta að styrkja enn frekar stöðu sína sem rannsókn- og fræðasetur á Norðurlandi líkt og undanfarin ár.

## Stjórn og starfsmaður

Á ársfundi AkAk þann 18. maí 2016 var kosið í stjórn og fulltrúaráð. Starfsárið 2016-2017 voru eftirtaldir í stjórn:

Margrét Guðmundsdóttir, formaður

Ólafur B. Thoroddsen, gjaldkeri

Valgerður S. Bjarnadóttir, ritari

Í fulltrúaráði sátu ásamt stjórnarmönnum:

Arndís Bergsdóttir

Bergljót Þrastardóttir

Sigurgeir Guðjónsson

Jóhanna María E. Matthíasdóttir sat einnig í fulltrúaráði AkAk en sagði sig frá störfum í lok sumars. Verkefnastjóri, Kristín Heba Gísladóttir, var ráðin í 50% starf til stofnunarinnar í mars 2016. Vegna mikilla anna var starfshlutfall hennar hækkað í 70% þann 1. september.

Enn er unnin mikil sjálfböðavinna innan stofnunarinnar bæði af stjórnarmönnum og fulltrúum innan AkAk. Lögð er áhersla á að þeir sem leigja vinnuástöðu í húsnæði AkAk við Háhlíð 1 starfi fyrir stofnunina til dæmis við undirbúning hinna ýmsu viðburða og dagleg störf innan veggja hússins.

## Húsnæði

AkureyrarAkademían er staðsett að Háhlíð 1 á Akureyri en húsnæðið er í eigu Akureyrarbæjar. Í húsnæðinu var starfræktur leikskóli og síðar skammtíamavistun þar til AkAk fékk húsið á leigu. Þar eru fjórtán vinnupláss og vinnuástaða fyrir verkefnastjóra. Funda- og kaffiástaða er einnig í húsinu. Leigusamningur AkAk við Akureyrarbæ rennur út á árinu og hafa stjórn og verkefnastjóri fundað með forsvarsmönnum Akureyrarbæjar vegna framlengingar á leigusamningnum. Bæjaryfirvöld á Akureyri eru jákvæð gagnvart AkAk enda er stofnunin mikilvægur hluti samfélagsins á Norðurlandi.

AkureyrarAkademían hefur leigt út vinnuástöðu fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn, meistara- og doktorsnema frá stofnun. Fastur kjarni sjálfstætt starfandi fræðafólks og doktorskandídata starfar í húsinu en aðrir staldra styttra við. Nú er svo komið að á vissum tímum hefur verið biðlisti eftir vinnuástöðu í AkAk, þó reynslan sýni að minni eftirspurn sé á öðrum tímum, t.d. yfir hásumarið.

Þeir fræðimenn og nemar sem starfa í húsnæði AkAk njóta félagsskapar og stuðnings og geta leitað eftir faglegri aðstoð og ábendingum við störf sín. Það er ómetanlegt öllum fræðimönnum að geta viðrað hugmyndir sínar og aðferðir við samverkamenn sem stunda rannsóknir, jafnvel á óskildum sviðum vísinda og fræða.

## Verkefni starfsársins

### HEIMASÍÐA

Stjórn AkureyrarAkademíunnar hefur lagt mikla áherslu á að efla og viðhalda heimasíðu stofnunarinnar sem var tekin til gagngerar endurskoðunar á síðasta starfsári. Á heimasíðunni eru aðgengilegar upplýsingar um stofnunina, innanhúsfólk, vinnuástöðu, stjórn, fulltrúaráð o.fl. Heimasíðan er mikið notuð við að koma á framfæri þeim verkefnum sem stofnunin vinnur að auk þess að birta fréttir um störf fulltrúa.

### FYRIRLESTRARÖÐ Á ÖLDRUNARHEIMILUM AKUREYRARBÆJAR

Fyrirlestraröð Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi hófst á haustmánuðum 2007 og hefur verið fastur liður í starfinu síðan. Fjölbreyttur og breiður hópur fræði- og leikmanna hafa skipst á skoðunum um fræði og vísindi undir þessum formerkjum. Á vordögum kviknaði sú hugmynd að breyta fyrirkomulaginu á fyrirlestraröðinni. Í gegnum tíðina hafa eldri borgarar á Akureyri og nágrenni verið áberandi hluti þeirra gesta sem sótt hafa fyrirlestra á vegum stofnunarinnar. Elstu íbúar byggðarlagsins, þeir sem búa á öldrunarheimilum, hafa hins vegar ekki séð sér fært að mæta. Sú hugmynd kom því fram að bjóða fyrirlestra á heimilum þeirra, þar sem aðgengi er gott og öll aðstaða til fyrirmyndar. Stjórnendur öldrunarheimila bæjarins tóku hugmyndinni fagnandi og ákveðið var að fyrirlestraröðin yrði opin almenningi.

Fulltrúum AkAk var boðið að senda inn hugmyndir að erindum vegna fyrirlestraraðarinnar og bárust alls 12 tillögur. Forsvarsmönnum Öldrunarheimilanna voru afhentar tillögurnar og völdu heimilismenn og starfsfólk fjögur erindi. Nú þegar hafa tvö erindi verið flutt en dagskrá raðarinnar er svohljóðandi:

4. nóvember 2016.

Baráttuleiðir eyfirskra kvenna á fyrri helmingi 20. aldar. Margrét Guðmundsdóttir, sagnfræðingur.

2. desember 2016.

Stærstu brunar á Akureyri 1901, 1906 og 1969 þegar Iðunn brann og hluti Gefjunnar. Jón Hjaltason, sagnfræðingur.

10. febrúar 2017.

Um förumenn og flakkara. Dr. Sigurgeir Guðjónsson, sagnfræðingur.

3. mars 2017.

Konurnar í verksmiðjunum á Akureyri. Arndís Bergsdóttir, safnafræðingur.

Fyrirlestrarröðin hefur verið mjög vel sótt en hún er haldin í sal Öldrunarheimilisins Hlíðar. Á þeim tveimur erindum sem haldin hafa verið hefur verið húsfullir og eru íbúar á öldrunarheimilinu sem og aðrir bæjarbúar jákvæðir og áhugasamir um verkefnið. Sótt hefur verið um styrki vegna verkefnisins og hefur það hlotið styrk úr Menningar- og viðurkenningarsjóði KEA sem og Samfélagssjóði Norðurorku. Erindi Arndísar Bergsdóttur, safnafræðings, verður flutt tvisvar. Fyrirlestur verður í sal Öldrunarheimilisins Hlíðar en einnig verður boðið upp á erindið á Öldrunarheimilinu Lögmannshlíð nokkru síðar. Íbúar þar hafa ekki kost á að sækja erindin á Hlíð og gefst þá tækifæri til að sækja þau heim.

#### BÓKAKYNNING

AkAk og Amtsbókasafnið hafa staðið fyrir bókakynningum í desember. Árið 2016 var í fyrsta sinn boðið upp á barnabókakynningu þar sem blandað var saman kynningu á fræðandi barnabókum, fjöldasöng og atriði úr leikritinu Stúfur sem Menningarfélag Akureyrar sýndi yfir hátíðarnar. Í ár er stefnt að því að bjóða aftur upp á kynningu á bókum fyrir jól.

#### SAMSTARFSSAMNINGUR AKAK OG HA

Þann 4. mars 2014 undirrituðu AkureyrarAkademían og Háskólinn á Akureyri samstarfssamning sem gildir til þriggja ára. Aðilarnir hafa hafið viðræður vegna endurnýjunar hans. Samstarfssamningurinn felur í sér skuldbindingu til að standa fyrir að minnsta kosti einni sameiginlegri ráðstefnu á samningstímanum auk þess sem AkAk veitir HA upplýsingar um þá sérfræðiþekkingu sem er til staðar innan AkAk á hverjum tíma sem nýst getur háskólanum með tilliti til kennslu. Skemmst er frá því að segja að samstarfið milli stofnanna hefur verið mun viðameira en samningurinn gerir ráð fyrir og hafa aðilarnir staðið fyrir einni ráðstefnu á ári síðan samningurinn tók gildi og auk þess leitar HA í síauknum mæli til fulltrúa AkAk vegna stundakennslu.

Forsvarmenn AkAk hafa nú þegar fundað með rektor Háskólans á Akureyri og er gagnkvæmur áhugi á að auka enn frekar það góða samstarf sem er milli stofnananna.

#### AKUREYRARVAKA

AkureyrarAkademían hefur í gegnum tíðina boðið upp á dagskrá í tilefni Akureyrarvöku. Stefnt er að því að standa fyrir viðburði á þessu ári. Stjórn AkureyrarAkademíunnar mun þegar nær dregur óska eftir tillögum meðal fulltrúa að

viðburðum í tilefni Akureyrarvöku en það fyrirkomulag hefur gefist vel. Með þeim hætti er unnt að bjóða upp á erindi eða fræðslu um málefni sem eru ofarlega á baugi hverju sinni.

#### HLAÐVARP

Frá stofnun AkureyrarAkademíunnar fyrir rúmum tíu árum hefur megin áhersla verið lögð á að skapa brú á milli fræða og samfélags. AkAk vill stuðla að því að fámennt fræðasamfélag Norðurlands fái reglulega tækifæri til að bjóða almenningi að skiptast á skoðunum um vísindi og fræði við fræðimenn, á mannamáli. Það er holl ögrun, ekki síst í samfélagi sem þarf á öguðu samtali að halda. Þetta hefur verið grundvallarstefna í öllu starfi hér fyrir norðan frá upphafi. Sá hornsteinn hvílir á þeirri sannfæringu að nauðsynlegt sé að viðhalda lifandi umræðu milli leikmanna og fræðimanna.

AkureyrarAkademían stóð um árabíl fyrir fyrirlestraröð þar sem bæjarbúum gafst kostur á að sækja erindi um hin ýmsu málefni sér að kostnaðarlausu. Í upphafi var þetta nýlunda í samfélaginu. Með breyttri tækni og samfélagsgerð verður sífellt meiri krafa um að hægt sé að sækja sér þekkingu og fræðslu á þægilegan og aðgengilegan hátt á þeim tímum sem hentar hverjum og einum. Auk þess bjóða nú fjöldi stofnana og félagasamtaka upp á fyrirlestra um hin ýmsu málefni. Í ljósi þessara umskipta hefur stjórn AkureyrarAkademíunnar ákveðið að skoða leiðir til að hefja gerð hlaðvarpsþátta (e. podcast). Hugmyndin kviknaði í kjölfar fyrri áætlana stofnunarinnar um að gefa út tímarit þar sem fjallað yrði um hin ýmsu fræði og vísindi á mannamáli. Útgáfa slíks tímarits reyndist kostnaðarsöm og því kom fram tillaga um að bjóða frekar upp á hlaðvarpsþætti. Hlaðvarpsþættir eru engin nýlunda en þar er fjallað um ákveðin málefni líkt og gert hefur verið um árabíl í útvarpi. Með snjallsímavæðingunni gefst fólki tækifæri á að hlusta á slíka þætti hvar og hvenær sem er. Ritstjórn mun í upphafi stýra efnisvali þáttanna. Sérfræðingar yrðu fengnir til að fjalla um ákveðið málefni. Stjórnendur AkureyrarAkademíunnar munu leggja áherslu á að leita til fræði- og vísindamanna á landsbyggðinni og skapa nýjan vettvang fyrir alla landsmenn til að afla sér þekkingar, hvenær sem þeim hentar. Fræðimenn á landsbyggðinni eiga oft erfiðara með að sækja ráðstefnur og koma fram í fjölmiðlum. AkureyrarAkademían bindur miklar vonir við að þessi leið til miðlunar á upplýsingum muni verða vinsæl meðal almennings.

#### HAGNÝT ÖRNÁMSKEIÐ

AkAk mun standa fyrir örnámskeiðum fyrir sjálfsætt starfandi fræðimenn á starfsárinu. Fyrsta námskeiðið hefur þegar verið haldið en þar fjallaði Kristján Kristjánsson, framkvæmdastjóri rannsókna og upplýsinga og forstöðumaður rannsóknarþjónustu við Háskólann í Reykjavík, um gerð styrkumsókna. Námskeiðið var vel sótt og komust færri að en vildu. Árið 2017 verður boðið upp á námskeið í skattskilum verktaka. Einnig verður boðið upp á námskeið í notkun leitarvélarinnar gegnir.is.

## UMHVERFISVERND

Á starfsárinu verður lögð áhersla á að leita allra leiða til að auka umhverfisvitund meðal innanhúsfólks í AkureyrarAkademíunni og búa þannig um hnútana að starfsemi stofnunarinnar hafi sem minnst áhrif á umhverfið. Sorp hefur verið flokkað undanfarin ár og verður því haldið áfram og lögð áhersla á að endurvinna eins mikið og kostur er og fylgst með magni sorps sem frá stofnuninni kemur. Lögð verður áhersla á að nota eingöngu umhverfisvottaðar ræsti- og hreinlætisvörur, auk þess að spara vatn og rafmagn. Fulltrúar verða hvattir til að koma með ábendingar og tillögur um aukna umhverfisvernd. Innan AkAk starfa margir aðilar til lengri og skemmri tíma og er það mikilvægur hluti af samfélagslegri ábyrgð stofnunarinnar að sýna gott fordæmi í umhverfisvernd.

## STEFNUMÓTUNARÞING

Eftir að Félagi sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi var breytt í sjálfseignarstofnun er þörf á að hugleiða framtíð stofnunarinnar, hvaða hlutverki hún á að gegna í samfélagi fræðimanna sem og í samfélaginu almennt og hvaða sérstöðu hún hefur eða getur markað sér.

Stjórn AkureyrarAkademíunnar hefur leitað til Erlu Bjargar Guðmundsdóttir og fengið hana til liðs við stofnunina til þess að stýra stefnumótunarvinnunni.

Markmiðið með vinnunni er að leggja fram stefnuskjal með aðgerðaáætlun. Fulltrúar AkAk munu taka virkan þátt í skilgreiningu og framsetningu stefnu auk aðlögunar hennar. Verkefnastjóri og stjórn munu bera ábyrgð á tímasettri áætlun um innleiðingu og framkvæmd stefnumótunarinnar.

Viðauki 1 - Rekstraráætlun



